

FG – FRÉTTIR

1. tbl. 32. árgangur
Ábm. Kristinn Þorsteinsson

15. janúar 2015




Aðalfundur Foreldraráðs FG

Aðalfundur Foreldraráðs FG verður miðvikudaginn 28. janúar 2015 klukkan 17:15.

Dagskrá:

- Kristinn Þorsteinsson skólameistari segir frá starfsemi skólans.
- Skýrsla stjórnar foreldraráðsins.
- Kosning stjórnar.
- Félagsmálafulltrúi FG kynnir félagslífið í FG
- Spurningar og almennar umræður.

[Foreldraráðið á Facebook](#) 

Skólasóknarsamningar

Skólasókn nemenda á haustönn 2014 var slæm. Að einhverju leyti má kenna afleiðingum verkfalls um en það afsakar ekki þá nemendur sem voru með skólasókn talsvert fyrir neðan þau lágmark sem sett eru í skólasóknarreglum.

Viðbrögð skólastjórnenda var að bjóða þeim nemendum sem ekki náðu tilsettum lágmarkum í skólasókn skólavist á vorönn 2015 með skilyrðum um talsvert bættu skólasókn.

Samkvæmt samningnum þurfa nemendur að mæta í að lágmarki 95% kennslutíma en tekið er tillit til lögmætra forfalla. Nemendur sem ekki uppfylla þau lágmark verða teknir af skrá skólans og eiga ekki kost á skólavist á haustönn 2015.


Það er von okkar að sem flestir standi við samninginn og sem fæstir verði látnir fara. Það er fátt sem gleður kennara og stjórnendur meira en góður námsárangur sem oftast en ekki fæst samhliða góðri skólasókn. Þetta mátti glögglega sjá við brautskráningu síðustu annar. Þeir sem fengu viðurkenningar fyrir góðan námsárangur fengu einnig viðurkenningar fyrir frábæra skólasókn.

FG flokkar sorp

FG hefur nú tekið upp flokkun á sorpi. Fram að þessu var eingöngu flokkaður frá hvítur pappír í skólanum en nú eru komin flokkunarílát víða um skólann. Flokkarnir eru fjórir

Blátt	Blöð og tímarit
Grænt	Tómar umbúðir – fernur og plast
Appelsínugult	Flöskur og dósir – skilagjald
Svart	Óendurvinnanlegt sorp

Það er von okkar að nemendur taki þessu vel og skólinn verði framarlega í umhverfismálum sem og á öðrum sviðum.



Hollandsferð nýnema

Vegna sérstakra aðstæðna getum við fjölgað nemendum í ferð HG hópsins til Amsterdam í apríl komandi. Hægt er að bæta við 10 fyrsta árs nemendum.

Ferðin verður fljótlega eftir páska og er í fimm daga. Gist verður hjá hollenskum nemendum. Þeir sem fara þurfa að taka á móti hollenskum nemenda í september á þessu ári. Þeir sem hafa áhuga geta skráð sig á lista á skrifstofu skólans. Valið verður inn eftir frammistöðu í námi á síðustu önn.